

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**757. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 3. september 2012
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

Dagskrá:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss.
2. Fundargerð 129. fundar félagsmálaráðs.
3. Fundargerð 114. fundar landbúnaðarráðs.
4. Fundargerð Sorpsamlags Strandasýslu.
5. Umsóknir um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.
6. Bréf Umhverfisstofnunar.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til fundar við byggðarráð. Farið yfir helstu verkefni sem unnið er að s.s. viðhaldi leikskóla, grunnskóla, íþróttamiðstöð, sorpmál, gatnalýsingu, vatnsveitu og hitaveitu.
2. Lögð fram fundargerð 129. fundar félagsmálaráðs. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
3. Lögð fram fundargerð 114. Fundar landbúnaðarráðs. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
4. Lögð fram til kynningar fundargerð Sorpsamlags Strandasýslu ehf. frá 23. ágúst s.l.
5. Lagðar fram umsóknir um námsvist utan lögheimilissveitarfélags fyrir Steinunni Ingu Sigurðardóttur annars vegar og hins vegar fyrir Ölmú Maureen Vinson. Byggðarráð samþykkir framangreindar umsóknir.
6. Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar, dags. 23. ágúst 2012 um notkun vélknúinna ökutækja við leitir. Byggðarráð beinir því til fjallskilastjórna að þeir brýni fyrir gangnamönnum að ganga vel um landið til að komast megi hjá náttúruspjöllum. Í framhaldi af bréfi Umhverfisstofnunar samþykkir byggðarráð að setja á stofn vinnuhóp í samráði við landbúnaðarráð og formenn fjallskilastjórna til að fara yfir framkvæmd fjallskila í sveitarfélaginu.

Samþykkt að taka á dagskrá:

7. Skrifstofustjóri lagði fram beiðni frá Sýslumanninum á Blönduósi um afskrift útsvarsskulda að upphæð kr. 5.210.120 auk dráttarvaxta. Byggðarráð samþykkir beiðnina og felur sveitarstjóra undirritun hennar.

Fundargerð upplesin

Fundi slitið kl: 15:54

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Stefán E. Böðvarsson

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Áheyrnarfulltrúar:

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.